



GÆÐA- OG EFTIRLITSSTOFNUN
VELFERÐARMÁLA

Frumkvæðisathugun á
eftirlitsskyldum
barnaverndarþjónusta
með börnum í fóstri

Útgefandi:

**Gæða- og eftirlitsstofnun
velferðarmála**

júlí 2026

gev@gev.is

gev.is

Umbrot og textavinnsla:
Gæða- og eftirlitsstofnun
velferðarmála

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	2
Helstu niðurstöður	2
Tilmæli um úrbætur	4
1. INNGANGUR	6
1.1 Tílefni og afmörkun eftirlits	7
1.2 Gagnaöflun og framkvæmd athugunar	7
1.2.1 Gagna- og upplýsingabeiðni til barnaverndarþjónusta	7
1.2.2 Viðtöl við börn og ungmenni	8
2. FÓSTUR	10
2.1 Fjöldi barna í fóstri	10
2.2 Tegundir fósturs	12
3. FÓSTURLEYFI	14
3.1 Almenn	14
3.2 Staða fósturleyfa	15
3.3 Vistun á grundvelli 84. gr. bvl.	18
4. EFTIRLIT MEÐ BÖRNUM Í FÓSTRI	21
4.1 Almenn	21
4.2 Skráning gagna vegna eftirlitsheimsóka	23
4.3 Fjöldi og tíðni eftirlitsheimsóka	26
4.4 Þátttaka barna og eftirfylgni	30
4.5 Verklagsreglur um eftirlit með börnum í fóstri	35

Samantekt

Í mars 2026 stofnaði Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) til frumkvæðisathugunar á eftirliti barnaverndarþjónusta með börnum í fóstri, skv. 2. mgr. 89. gr. b barnaverndarlaga (bvl.). Samkvæmt ákvæðinu skal barnaverndarþjónusta heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum þjónustunnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarþjónustur skulu heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Þá segir í 1. mgr. 89. gr. b bvl. að barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, leitast við að vera í reglubundnum sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort barnaverndarþjónustur landsins hefðu uppfyllt lögbundnar eftirlitsskyldur sínar gagnvart börnum í fóstri. Athugunin tók til allra virkra fósturmála á tímabili gagnaöflunar, þ.e. frá 4. mars til 1. apríl 2026. Gagnaöflun fól í sér upplýsinga- og gagnabeiðni til allra barnaverndarþjónusta landsins auk viðtala við 20 ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem voru eða höfðu nýlega verið í fóstri við upphaf athugunarinnar. 20 af 23 barnaverndarþjónustum skiluðu útfylltu gagnaöflunarskjali til GEV með tilteknum upplýsingum um öll börn í fóstri og fjölda eftirlitsheimsóknna á hverju ári fósturs, auk afriti skráninga vegna heimsóknanna. Þrjár barnaverndarþjónustur voru ekki með börn í fóstri á tímabili athugunar.

Helstu niðurstöður

- 436 börn voru í fóstri á tímabili gagnaöflunar á 290 fósturheimilum. Stór hluti heimilanna er þó ekki með fósturleyfi frá GEV, eða 43%, sem er forsenda þess að geta talist fósturheimili. Þá eru 155 börn í fóstri hjá aðilum sem hafa ekki tilskilið fósturleyfi GEV, eða 36% barna í fóstri. Þegar fósturleyfi liggur ekki til grundvallar vistunarsamningi vantar lagagrundvöll fóstursamnings.¹
- Líklegt er að hluti þeirra sem ekki eru með fósturleyfi séu aðilar sem höfðu ótímabundið leyfi frá Barnaverndarstofu en vegna lagabreytinga við tilkomu GEV féllu þau leyfi úr gildi í árslok 2024. GEV hafði ekki upplýsingar um fósturforeldra með leyfi frá Barnaverndarstofu og gat því ekki upplýst þá beint um þörf á að endurnýja leyfin. Þess í stað upplýsti stofnunin barnaverndarþjónustur um

¹ Tölur voru uppfærðar í ágúst 2026 þar sem sjö fósturheimili voru ranglega talin án leyfis í upprunalegri útgáfu skýrslunnar.

lagabreytinguna í upphafi árs 2024 og óskaði eftir því að barnaverndarþjónustur liðsinntu GEV við að koma upplýsingum á framfæri til fósturforeldra sem þyrftu þá að sækja um endurnýjun leyfis. Einnig óskaði GEV eftir því að BOFS myndi senda tölvupóst á þá fósturforeldra sem voru á skrá hjá þeim og upplýstu um að þeir þyrftu að endurnýja leyfið ef þau hefðu hug á að vera áfram fósturforeldrar.

- Í einhverjum tilfellum hafa barnaverndarþjónustur samið beint við aðila um vistun án þess að fylgja lögbundnu verklagi um að senda beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) áður en barn fer á fósturheimili og velja fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá BOFS yfir fósturleyfishafa í samráði við BOFS. Þá virðist hafa skort á að barnaverndarþjónustur afli staðfestingar á leyfum áður en vistun hefst.
- Sumum barnaverndarþjónustum virðist ekki vera að öllu leyti ljóst hvað teljist til eftirlitsheimsókna á fósturheimili í skilningi barnaverndarlaga og hvaða kröfur séu gerðar til þeirra varðandi eftirlit með börnum í fóstri. Virðast ákvæði í lögum og reglugerð þess efnis ekki vera nægilega skýr. Hefur GEV komið þeirri ábendingu til mennta- og barnamálaráðuneytisins.
- Barnaverndarþjónustur skiluðu útfylltu gagnaöflunarskjali til GEV með tilteknum upplýsingum um öll börn í fóstri og fjölda eftirlitsheimsókna á hverju ári fósturs, auk afriti skráninga vegna heimsóknanna. Við yfirferð gagnanna mátti oft sjá töluverðan misbrest á fullnægjandi skráningu og varðveislu gagna er varða eftirlitsheimsóknir. Oft vantaði skráningar en einnig innihéldu margar skráningar upplýsingar um vinnslu máls sem ekki getur talist sem eftirlitsheimsókn, t.d. símtöl við fósturforeldra, teymisfundir og umgengni við kynforeldra. Mikilvægar upplýsingar um líðan og stöðu barns geta komið fram við slík tilefni en ekki er hægt að líta svo á að um eftirlitsheimsóknir sé að ræða í skilningi barnaverndarlaga. Þegar um skráningar vegna eftirlitsheimsókna var að ræða var í mörgum tilfellum ekki hægt að sjá hvort rætt hafi verið við barnið og kom jafnvel fyrir að barn hafi ekki verið heima þegar heimsóknin fór fram.
- Ef litið er til upplýsinga frá barnaverndarþjónustum úr útfylltu gagnaöflunarskjali taldi um helmingur þjónustanna sig hafa uppfyllt skyldur um lágmarksfjölda eftirlitsheimsókna vegna barna í fóstri á þeirra vegum. Við yfirferð GEV á innsendum skráningum og öðrum gögnum reyndist hins vegar í mörgum tilvikum ekki unnt að staðfesta að skilyrði eftirlitsheimsókna samkvæmt 2. mgr. 89. gr. b barnaverndarlaga hefðu verið uppfyllt. Munurinn skýrist meðal annars af því að skráningar skorti, voru ófullnægjandi eða tilheyrðu annarri málavinnslu og eftirfylgd en þeim eftirlitsheimsóknum sem lög gera ráð fyrir.
- Samtöl við ungmenni sem eru eða hafa verið í fóstri benda til þess að eftirlitsheimsóknir til þeirra hafi í mörgum tilfellum verið mun færri en lagaskyldan kveður á um og var áberandi að tíðni heimsókna fækkaði verulega

eftir því sem þau urðu eldri. Þá höfðu mörg þeirra takmarkaða vitneskju um eftirlitsskyldu barnaverndarþjónustunnar eða tilgang þeirra. Auk þess var algengt að þau hafi upplifað takmörkuð tækifæri til raunverulegs einkasamtals við starfsmann barnaverndar eða töldu sig ekki hafa fengið skýrt boð um slíkt. Þá nefndi meirihluti ungmennanna að þau hafi ekki treyst starfsmanni barnaverndar og því kosið að segja lítið eða ekkert frá líðan sinni. Þau sem höfðu sagt frá neikvæðri reynslu eða komið öðrum upplýsingum á framfæri við barnaverndarstarfsmann upplifðu mörg hver að ekki hafi verið hlustað á þau eða að ekkert hafi verið aðhafst í málinu. Mörg ungmennanna töldu að frekar væri tekið mark á sjónarmiðum fósturforeldranna en þeirra sjálfra.

Tilmæli um úrbætur

Með vísan til framangreinds og umfjöllunar í skýrslunni setur GEV fram eftirfarandi tilmæli um úrbætur hjá barnaverndarþjónustum landsins, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála nr. 88/2021:

1. að tryggja að verklag sé til staðar svo ávallt séu sendar tilkynningar til GEV og BOFS í samræmi við 1. mgr. 73. gr. bvl., þ.e. um gerð fóstursamnings og lok fósturs.
2. að tryggja að börn séu ekki vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem hafa ekki tilskilið leyfi frá GEV, sbr. 5. gr. laga um GEV, sbr. einnig 2. mgr. 67. gr. bvl. Ef börn eru nú vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem ekki hafa fósturleyfi er brýnt að barnaverndarþjónustur fylgi því fast eftir að vistunaraðilar sækji um leyfi til GEV svo vistunin geti talist lögmæt.
3. að koma á verklagi sem tryggir að í öllum tilfellum sé beiðni um fósturheimili send til BOFS áður en barn fer á fósturheimili, sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl. Barnaverndarþjónustur skulu velja fósturforeldra úr hópi þeirra leyfishafa sem eru á skrá BOFS í samráði við stofuna.
4. að hafa ávallt tryggan grundvöll fyrir fóstursamningum og öðrum vistunarsamningum með því að hafa leyfisbréf fósturforeldra og annarra vistunaraðila skráð í mál viðkomandi barna. Leyfishafar eiga að hafa leyfisbréf í sínum fórum og geta sent afrit þess til barnaverndarþjónustu en einnig er hægt að fá afrit leyfis hjá GEV.
5. að ganga úr skugga um að mál barna sem vistuð eru á einkaheimili á grundvelli 84. gr. bvl., og vistunin hefur varið eða er ætlað að vara í lengri tíma en þrjá mánuði, séu að jafnaði unnin á grundvelli XII. kafla bvl. um fóstur. Afar brýnt er að barnaverndarþjónustur tryggi að framkvæmd slíkra vistana sé í samræmi við lögbundið fyrirkomulag fósturs og að réttindi barna og vistunaraðila séu skýr og tryggð.
6. að endurskoða verklag er kemur að skráningu upplýsinga og gagna vegna eftirlitsheimsóknna á fósturheimili. Tryggja skal að farið sé eftir ákvæðum 39. gr. og 42. gr. bvl. við skráningu barnaverndarmála, sbr. einnig 1. mgr. 27. gr.

upplýsingalaga, og að öll gögn og upplýsingar séu skráð og varðveitt með tilætluðum hætti.

7. að koma á verklagi sem tryggir að börn í fóstri séu heimsótt eftir þörfum og eigi sjaldnar en lög kveða á um með það að markmiði að fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnanna og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, sbr. 1. og 2. mgr. 89. gr. b bvl. Í því sambandi er mikilvægt að mat sé lagt á það hvort þörf sé á tíðari heimsóknum með hliðsjón af aðstæðum og þörfum barnsins. Skyldur til eftirlitsheimsókna eiga einnig við þegar fóstur er framlengt eftir 18 ára aldur barns.
8. að koma á verklagi sem tryggir að börn í fóstri séu upplýst á barnvænan hátt um mál sín og að því marki sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til, svo þau geti betur tjáð skoðanir sínar við meðferð máls, sbr. 2. mgr. 4. gr. bvl., sbr. einnig 12. gr. Barnasáttmálans.
9. að koma á verklagi sem tryggir að við eftirlitsheimsóknir sé ávallt rætt við börnin í samræmi við aldur og þroska þeirra og að þeim gefist tækifæri til að ræða einslega við starfsmann barnaverndarþjónustu með það að markmiði að meta aðbúnað og líðan barns, sbr. 1. mgr. 89. gr. b bvl.
10. að tryggja að sjónarmið barna í fóstri hafi raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku og eftirfylgni með því að bregðast tafarlaust við þegar barn í fóstri greinir frá vanlíðan eða kvörtunum, og að skráð sé hvaða ráðstafanir voru gerðar í kjölfarið. Leiði mat á bestu hagsmunum barnsins til þess að gengið sé gegn vilja þess, ber að færa fyrir því skýr og málefnaleg rök og útskýra þau fyrir barninu á barnvænan hátt.
11. að tryggja að í skráningum vegna eftirlitsheimsókna komi fram hvernig barni var gefinn kostur á að tjá sig og hvað kom fram í samtali við barnið.
12. að útbúa verklagsreglur um eftirlit með börnum í fóstri, til að stuðla að skipulögðum og samræmdum vinnubrögðum starfsfólks, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um GEV. Mikilvægt er að í verklagsreglum sé kveðið á um að barni sé gefið tækifæri til að ræða einslega við starfsmann og að áhyggjum af barni á fósturheimili sé fylgt eftir.
13. að tryggja að verklagsreglur vegna eftirlits með börnum í fóstri feli í sér að tilkynna til GEV ef aðstæður á fósturheimili eru ekki taldar öruggar börnum svo GEV geti sinnt eftirlitsskyldu sinni með leyfishöfum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um GEV.

Óskar GEV eftir því að barnaverndarþjónustur upplýsi stofnunina hvernig brugðist hefur verið við ofangreindum úrbótatilmælum innan sex mánaða frá útgáfu skýrslunnar, eigi síðar en 11. janúar 2027.

1. Inngangur

Vistun barns utan heimilis er mikið inngrip í líf barns og felur í sér grundvallarbreytingar á daglegu lífi þess. Jafnvel þótt slík ráðstöfun sé gerð með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og sé oft farsæl úrlausn á aðstæðum þess getur hún jafnframt haft neikvæðar afleiðingar til skemmri og lengri tíma. Íslensk rannsókn hefur sýnt að uppkomin fósturbörn standa höllum fæti í samfélaginu, menntunarstig þeirra er almennt lægra en almennings í landinu og kljást þau oft við geðræna erfiðleika og fíknivanda.² Leggja verður mikla áherslu á að barnaverndarþjónustur vandi sérstaklega vel til verka við undirbúning, framkvæmd, stuðning, eftirlit og eftirfylgd í málum barna sem vistuð eru utan heimilis enda geta gæði vinnslunnar haft gríðarleg áhrif á hvernig börnunum farnast.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 (hér eftir barnaverndarlög eða bvl.) eru að finna ákveðnar kröfur sem gerðar eru til barnaverndarþjónusta þegar barni er ráðstafað í fóstur. Meðal annars er kveðið á um að barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skuli fylgjast náið með aðbúnaði eða líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, sbr. 1. mgr. 89. gr. b bvl. Þá skal barnaverndarþjónusta afla nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Einnig skal barnaverndarþjónusta leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa því kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan sína í samræmi við aldur og þroska. Barnaverndarþjónusta skal með reglubundnum hætti heimsækja börn sem vistuð eru á vegum þjónustunnar á heimilum og stofnunum, sbr. 2. mgr. 89. gr. b barnaverndarlaga. Barnaverndarþjónusta skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt skal barnaverndarþjónusta grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur, sbr. 3. mgr. 89. gr. b barnaverndarlaga.

Barnaverndarlögin kveða á um skyldur starfsmanna barnaverndarþjónusta en tryggja einnig ákveðin réttindi barna í fóstri. Fjallað er um meginreglur barnaverndarstarfs í 4. gr. barnaverndarlaga. Segir þar m.a. að hagsmunir barns skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi í starfsemi barnaverndaryfirvalda. Segir einnig að börn hafi rétt til þátttöku í málum er þau varða og að tryggja skuli rétt barns sem geti myndað sér eigin skoðanir til að láta þær í ljós

² Birgitta Rós Laxdal og Freydis Jóna Freysteinsdóttir. (2023). Fósturbarn og hvað svo? *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(17): <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2023/04/Fosturbarn-hvad-svo.pdf> [sótt 27. mars 2026].

við meðferð máls. Þá skuli taka réttmætt tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska þegar teknar eru ákvarðanir á grundvelli barnaverndarlaga.

1.1 Tilefni og afmörkun eftirlits

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir eftirliti með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli barnaverndarlaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV). GEV hefur að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga um GEV og er markmið stofnunarinnar að sú þjónusta sem lýtur eftirliti hennar sé traust, örugg og í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í mars 2026 hóf GEV frumkvæðisathugun á eftirliti barnaverndarþjónusta með börnum í fóstri að beiðni félags- og húsnæðismálaráðuneytisins. Kom sú beiðni fram í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um aðstæður á fósturheimilinu Bakkakotí³ og opinberrar umræðu um skort á eftirliti barnaverndarþjónusta með börnum í fóstri. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort barnaverndarþjónustur landsins hefðu uppfyllt lögbundnar eftirlitsskyldur sínar gagnvart börnum í fóstri. Athugunin tók til allra virkra mála á tímabili gagnaöflunar, þ.e. frá 4. mars til 1. apríl 2026, þar sem um var að ræða ráðstafanir barna í fóstur skv. XII. kafla barnaverndarlaga.

1.2 Gagnaöflun og framkvæmd athugunar

Gagnaöflun GEV fól í sér upplýsinga- og gagnabeiðni til barnaverndarþjónusta og viðtöl við úrtak barna og ungmenna sem voru eða höfðu nýlega verið í fóstri við upphaf athugunarinnar.

1.2.1 Gagna- og upplýsingabeiðni til barnaverndarþjónusta

Þann 4. mars 2026 sendi GEV upplýsinga- og gagnabeiðni til allra barnaverndarþjónusta landsins, samtals 23 þjónusta. Meðfylgjandi beiðninni var gagnaöflunarskjal þar sem óskað var eftir eftirfarandi upplýsingum um öll börn og ungmenni⁴ sem voru á þeim tímapunkti í fóstri:

³ RÚV. (2026, 3. febrúar). *Börnin í Bakkakoti: „Bless, bless, barnæska“*. [Fréttaskýringarþáttur]. Birt á: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2026-02-03-bornin-i-bakkakoti-bless-bless-barnaeska-465760> [Sótt 6. maí 2026].

⁴ Ungmenni á aldrinum 18 til 20 ára geta verið í fóstri á grundvelli barnaverndarlaga, þar sem barnaverndaryfirvöld geta ákveðið, með samþykki ungmennis, að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldist eftir að þau eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Til einföldunar er í skýrslunni almennt notast við hugtakið barn þó umfjöllunin nái einnig til ungmenna á aldrinum 18-20 ára.

- Nafn og kennitala barns í fóstri.
- Nafn fósturforeldris/fósturforeldra, sveitarfélag fósturheimilis og upplýsingar um hvort fósturforeldrar væru ættingjar barnsins.
- Upphafsdagsetning fósturs og núverandi tegund fósturs.
- Fjöldi eftirlitsheimsókna á ári frá upphafi fósturs.
- Upplýsingar um ástæður þess ef ekki var viðhaft árlegt eftirlit.

Með gagnaöflunarskjalinu var einnig óskað eftir afriti af skráningum vegna allra eftirlitsheimsókna sem þar voru tilgreindar. Var tekið fram að eingöngu væri óskað eftir skráningum vegna eftirlitsheimsókna samkvæmt 2. mgr. 89. gr. b vbl. en ekki vegna annarra tegunda vistana utan heimilis eða öðrum skráningum. Auk þess var óskað eftir afriti af verkferlum um eftirlit með börnum í fóstri, ef til voru.

Til að kynna athugunina og gagnaöflunina frekar hélt GEV rafrænan kynningarfund þann 5. mars 2026 og var yfirmönnum barnaverndarþjónusta, félagsmálastjórum sveitarfélaga og fulltrúum Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) boðið á fundinn.

Skilafrestur umbeðinna gagna var 1. apríl 2026. Í mörgum tilfellum var um að ræða umfangsmikla vinnu vegna gagnabeiðninnar og brugðust barnaverndarþjónusturnar almennt hratt og vel við beiðninni. Alls bárust útfyllt gagnaöflunarskjöl frá 20 barnaverndarþjónustum en barnaverndarþjónusturnar í Dalabyggð, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Uppsveitum Árness og Flóa tilkynntu að ekkert barn væri hjá þeim í fóstri. Óskuðu sumar barnaverndarþjónusturnar eftir lengri skilafresti vegna anna eða tæknilegra örðugleika. Ítreka þurfti gagnabeiðni í nokkrum tilvikum þar sem umbeðin gögn bárust ekki innan tímafrests og ekki hafði verið óskað eftir lengri fresti. Öll gögn höfðu borist GEV þann 4. maí 2026. Til einföldunar, er í umfjöllun skýrslunnar miðað við stöðuna þann dag sem barnaverndarþjónustur áttu að skila gögnum til GEV, þ.e. 1. apríl 2026, þó svör hafi í sumum tilfellum borist síðar.

Við úrvinnslu gagnanna kannaði GEV hvort fósturforeldrar, sem tilteknir voru í svörum barnaverndarþjónustanna, höfðu gilt leyfi GEV til að taka barn í fóstur.

Á tímabili athugunarinnar átti GEV fundi með Félagi fósturforeldra þann 20. apríl 2026 og BOFS þann 5. maí 2026. Tilgangur fundarins með BOFS var m.a. að fá þeirra sýn á eftirlit barnaverndarþjónusta með börnum í fóstri og málavinnslu barnaverndarþjónusta vegna fósturmála. Á fundi með Félagi fósturforeldra fékk GEV kynningu á helstu erindum og ágreiningsatriðum sem félaginu hefur borist.

1.2.2 Viðtöl við börn og ungmenni

GEV hringdi í börn og ungmenni sem voru eða höfðu nýlega verið í fóstri til að kanna reynslu þeirra af eftirliti barnaverndar. Ákveðið var að afmarka viðtöl við börn og ungmenni sem höfðu náð 15 ára aldri, þar sem þau hafa aðild að eigin barnaverndarmáli, sbr. 1. mgr. 46. gr. vbl. Við val á viðmælendum var stuðst við upplýsingar úr málaskrá GEV

um börn í fóstri byggt á tilkynningum barnaverndarþjónusta um gerð fóstursamninga.⁵ GEV hafði samband við núverandi eða fyrrverandi fósturforeldra allra þeirra barna og ungmenna sem komu til greina sem viðmælendur og óskaði eftir upplýsingum um símanúmer þeirra. Hringt var í 39 fósturforeldra og fengust símanúmer 52 barna og ungmenna. Við val á mögulegum viðmælendum var leitast við að gæta að fjölbreytni varðandi hvaða barnaverndarþjónusta væri með mál þeirra, fjarlægð milli barnaverndarþjónustu og fósturheimilis og tengsl við fósturforeldra, þ.e. hvort fósturforeldrar væru ættingjar barnanna eða ekki. Símtölin fóru fram á tímabilinu 16.-27. mars 2026. Hringt var í 20 börn og ungmenni á aldrinum 16 til 20 ára og tóku þau öll vel í að ræða við eftirlitsaðila GEV og veittu mikilvæga innsýn í reynsluheim barna í fóstri. Um var að ræða hálfstöðluð viðtöl þar sem eftirlitsaðili fylgdi spurningalista við framkvæmd viðtals en leyfði viðmælanda að leiða umræðuna. Ákveðið var að hringja ekki í fleiri börn og ungmenni þegar eftirlitsaðilar upplifðu að ný sjónarmið kæmu ekki lengur fram í samtölunum.

Drög að niðurstöðum eftirlitsskýrslunnar voru kynntar mennta- og barnamálaráðuneyti á fundi þann 28. maí 2026 og félags- og húsnæðismálaráðuneyti á fundi 1. júní 2026. Skýrsludrög voru send barnaverndarþjónustum til yfirlstrar og athugasemda þann 15. júní 2026.

Uppfært í ágúst 2026: Eftir útgáfu skýrslunnar í júlí 2026 kom í ljós að sjö af 290 fósturheimilum höfðu verið ranglega talin án fósturleyfis við gagnaúrvinnslu GEV. Hafa upplýsingar í kafla 3.2 og í samantekt verið leiðréttar í samræmi við það.

⁵ Barnaverndarþjónustur skulu tilkynna GEV og BOFS um gerð fóstursamnings og lok fósturs, sbr. 1. mgr. 73. gr. bvl.

2. Fóstur

2.1 Fjöldi barna í fóstri

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. bvl. er með fóstri átt við að barnaverndarþjónusta feli fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k. þrjá mánuði þegar fyrir liggur að:

- foreldrar hafa afsalað sér forsjá eða umsjá og samþykkt fósturráðstöfun,
- kveðinn hefur verið upp úrskurður um heimild til að fóstora barn utan heimilis þegar samþykki foreldra og barns eftir atvikum liggur ekki fyrir,
- foreldrar hafa verið sviptir forsjá með dómi,
- barn er forsjárlaust vegna andláts forsjáraðila eða
- barn sem komið hefur til landsins án forsjáraðila sinna er í umsjá barnaverndarþjónustu eða fær alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á Íslandi.

Markmið fósturs er að tryggja barni uppeldi og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum þess, skv. 3. mgr. 65. gr. bvl. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Við ráðstöfun barns í fóstur skulu barnaverndarþjónusta og fósturforeldrar gera með sér skriflegan fóstursamning, skv. 68. gr. bvl., þar sem kveðið skal nánar á um réttindi og skyldur fósturforeldris, skv. 3. mgr. 65. gr. bvl.

Athugun GEV leiddi í ljós að alls voru 436 börn og ungmenni í fóstri þann 1. apríl 2026. Meirihluti þeirra, eða 61%, var 12 ára eða eldri (tafla 1). Af heildarfjölda barna og ungmenna í fóstri var tæpur þriðjungur, eða 136 börn og ungmenni, í fóstri hjá skyldmenni.

Tafla 1. Fjöldi barna og ungmenna í fóstri 1. apríl 2026 eftir aldri

Aldur	Fjöldi barna	%
0-2 ára	10	2%
3-5 ára	23	5%
6-8 ára	63	14%
9-11 ára	73	17%
12-14 ára	97	22%
15-17 ára	108	25%
18-20 ára	62	14%
Alls	436	100%

Flest barnanna⁶ voru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkur eða alls 194 börn sem eru 44% allra barna í fóstri (tafla 2). Þá voru flest börn í fóstri vistuð af barnaverndarþjónustum á höfuðborgarsvæðinu eða alls 297 börn sem eru rúmlega 68% allra barna í fóstri á landinu. Þrjár barnaverndarþjónustur voru ekki með nein börn í fóstri á þeim tíma sem gagnaöflun GEV fór fram.

Tafla 2. Fjöldi barna í fóstri 1. apríl 2026 eftir barnaverndarþjónustum og hlutfall af heildarfjölda

Barnaverndarþjónusta	Fjöldi barna	%
Reykjavík	194	44%
Kópavogur	47	11%
Norðurland Eystra	44	10%
Hafnarfjörður	40	9%
Reykjanesbær	22	5%
Suðurnesjabær og Vogar	12	3%
Árborg	11	3%
Hveragerði og Ölfus	11	3%
Fjarðabyggð og Hornafjörður	7	2%
Garðabær	7	2%
Mosfellsbær	7	2%
Akranes	6	1%
Vestfirðir	5	1%
Grindavík	5	1%
Mið-Norðurland	4	1%
Múlaþing	4	1%
Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit	3	1%
Vestmannaeyjar	3	1%
Seltjarnarnes	2	0%
Snæfellingar	2	0%
Dalabyggð	0	0%
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla	0	0%
Uppsveitir Árness og Flóa	0	0%
Alls	436	100%

⁶ Til einföldunar er í skýrslunni almennt notast við hugtakið barn þó umfjöllunin nái einnig til ungmenna á aldrinum 18-20 ára.

Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í fóstur skal tilkynna GEV og BOFS um gerð fóstursamnings. Upplýsingar um gerð fóstursamninga er mikilvæg forsenda þess að GEV geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu, fylgst með þróun fósturráðstafana og stuðlað að samræmdri framkvæmd. Nokkur misbrestur hefur verið á því að barnaverndarþjónustur tilkynni um gerð fóstursamnings til GEV og af því tilefni minnti stofnunin þjónusturnar á tilkynningaskyldur sínar skv. 1. mgr. 73. gr. bvl., þ.e. bæði vegna gerð fóstursamninga og vegna fósturloka, með bréfi dags. 29. október 2025. Er sú tilkynningaskylda ítrekuð hér.


Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að tryggja að verklag sé til staðar svo ávallt séu sendar tilkynningar til GEV og BOFS í samræmi við 1. mgr. 73. gr. bvl., þ.e. um gerð fóstursamnings og lok fósturs.

2.2 Tegundir fósturs

Fóstur getur verið tvenns konar, tímabundið eða varanlegt, sbr. 2. mgr. 65. gr. bvl. Með tímabundnu fóstri er átt við að fóstur vari í afmarkaðan tíma þegar ætla má að unnt verði að bæta aðstæður þannig að barnið geti snúið aftur til foreldra sinna án verulegrar röskunar á högum þess eða þegar áætlað er að annað úrræði taki við innan afmarkaðs tíma. Tímabundið fóstur skal ekki vara samantlagt lengur en í tvö ár nema í undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barns, sbr. 2. mgr. 65. gr. bvl. Með varanlegu fóstri er átt við að fóstur haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarþjónustu. Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur fyrr en að reynslutíma liðnum sem skal að hámarki vera eitt ár, sbr. 2. mgr. 65. gr. bvl. Að auki er þess getið í 4. mgr. 65. gr. bvl. að ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við verulega hegðunarerfiðleika að stríða vegna geðrænna, tilfinningalegra og annarra vandamála af því tagi er heimilt að mæla fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað þess að vista það á stofnun og er þá talað um styrkt fóstur. Alla jafna er gert ráð fyrir að styrkt fóstur standi ekki lengur en í eitt ár og að barnið fari af heimilinu að þeim tíma liðnum.⁷

Á þeim tíma sem gagnaöflun GEV fór fram voru flest barnanna í varanlegu fóstri, eða 71%, og 29% voru í tímabundnu fóstri, þar af 6% í styrktu fóstri og önnur 6% þar sem um fóstur ungmenna á aldrinum 18-20 ára var að ræða (mynd 1, bls. 13).

⁷ Barnaverndarstofa: Handbók um vinnslu barnaverndarmála, bls. 74.



Mynd 1. Fjöldi barna í fóstri 1. apríl 2026 eftir tegund fósturs

3. Fósturleyfi

3.1 Almenn

GEV tók til starfa þann 1. janúar 2022 og tók þá við veitingu leyfa til að taka börn í fóstur, svokölluð fósturleyfi, af Barnaverndarstofu sem lögð var niður á sama tíma. GEV veitir fósturleyfi að fenginni umsögn BOFS, sbr. 1. mgr. 66. gr. bvl. GEV sendir í kjölfarið leyfisbréf til BOFS og leyfishafa. Nánar er kveðið á um leyfi, kröfur, feril umsókna o.fl. í II. kafla reglugerðar um fóstur nr. 804/2004.⁸

BOFS heldur skrá yfir þá sem hafa leyfi til að taka börn í fóstur, sbr. 1. mgr. 67. gr. bvl. Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í fóstur sendir beiðni um fósturheimili til BOFS og velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá, í samráði við BOFS, sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl. Óheimilt er að ráðstafa barni í fóstur nema til þeirra sem hafa til þess tilskilið leyfi enda er einkaaðilum skylt að afla leyfis hjá GEV áður en byrjað er að veita þjónustu sem lýtur eftirliti stofnunarinnar, sbr. 5. gr. laga um GEV. Þá skulu leyfishafar senda GEV umsókn um endurnýjun leyfis áður en það rennur út, sbr. 9. gr. laga um GEV.

Fyrirkomulag útgáfu leyfa breyttist mikið þegar GEV tók við útgáfu þeirra. Barnaverndarstofa gaf almennt út fósturleyfi vegna tiltekins barns ótímabundið en GEV gefur alla jafna út fósturleyfi án þess að það sé bundið við tiltekið barn og leyfin gilda að hámarki í fimm ár, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um GEV. Við stofnun GEV var ákveðið að fósturforeldrar sem höfðu haft börn í fóstri árin 2020 eða 2021 hefðu gild fósturleyfi til og með 31. desember 2024 en önnur fósturleyfi sem gefin höfðu verið út af Barnaverndarstofu voru þá þegar úrunnin. Var þetta ákveðið í samræmi við ákvæði I til bráðabirgða í lögum um GEV, en samkvæmt því var handhöfum ótímabundinna leyfa heimilt að starfa á grundvelli slíkra leyfa í allt að þrjú ár frá gildistöku laga um GEV. Einnig var litið til 13. gr. reglugerðar um fóstur þegar tekin var ákvörðun um hverjir voru með gild leyfi. Þetta þýddi að fósturforeldrar sem hygðust vera áfram með börn í fóstri þurftu að sækja um endurnýjun leyfis til GEV fyrir árslok 2024.


GEV hafði ekki upplýsingar um fósturforeldra með leyfi frá Barnaverndarstofu og gat því ekki upplýst þá beint um skyldu þeirra til að sækja um leyfi að nýju. Stofnunin upplýsti barnaverndarþjónustur um framangreindar breytingar með bréfi, dags. 23. janúar 2024, og óskaði eftir því að barnaverndarþjónustur liðsinntu GEV við að koma upplýsingum á framfæri til fósturforeldra sem þyrftu þá að sækja um endurnýjun leyfis. Einnig fundaði GEV bæði með BOFS og Félagi fósturforeldra í þeim tilgangi að vekja athygli á að

⁸ Reglugerðin hefur ekki verið uppfærð frá því að GEV tók til starfa og vísar hún því enn til fyrra verklags en í skýrslunni er orðalagi reglugerðar breytt þar sem það á við svo hún falli að núverandi skipulagi við veitingu leyfa í samræmi við lög um GEV og barnaverndarlög.

fósturforeldrar þyrftu að endurnýja leyfi. Jafnframt var sett upp sérstök upplýsingasíða á vefsíðu GEV fyrir þá aðila sem þurftu að endurnýja leyfi, þar sem veittar voru upplýsingar og leiðbeiningar um umsóknarferlið.⁹ Þá hefur GEV einnig upplýst barnaverndarþjónustur þegar þær hafa sent tilkynningu til GEV um gerð fóstursamninga, skv. 1. mgr. 73. gr. bvl., og vistunaraðilar eru ekki með fósturleyfi frá GEV. Í þeim tilfellum hefur stofnunin bent á að þar sem vistunaraðilar eru ekki með fósturleyfi sé um ólögmæta ráðstöfun að ræða og óskað eftir því að viðkomandi barnaverndarþjónusta upplýsi vistunaraðila um þörf á að sækja um leyfið til GEV. Ólögmæt ráðstöfun í þessu samhengi á við um upphaf vistunar hjá aðilum sem ekki hafa útgefið fósturleyfi frá GEV.

3.2 Staða fósturleyfa

Í gagnabeiðni GEV til barnaverndarþjónusta var meðal annars óskað eftir nöfnum fósturforeldra allra barna sem voru í fóstri þegar gagnaöflun fór fram. Samkvæmt gögnunum voru 290 fósturheimili með börn í vistun á þeim tíma sem gagnaöflunin fór fram. Það er þó ljóst að stór hluti þeirra uppfyllir ekki skilyrði þess að teljast fósturheimili, þar sem viðeigandi leyfi liggur ekki fyrir, eða í tilfelli 125 vistunaraðila, sem eru 43% heimila sem eru með barn í fóstri (mynd 2).¹⁰ Af þeim hafa eingöngu sjö sótt um fósturleyfi og er umsókn þeirra í vinnslu hjá GEV.




Mynd 2. Hlutfall fósturheimila 1. apríl 2026 eftir stöðu fósturleyfis, alls 290 fósturheimili.

⁹ Af vefsíðu GEV: Breytt fyrirkomulag fósturleyfa útgefnum af Barnaverndarstofu, <https://island.is/leyfi-til-ad-taka-barn-i-fostur/fosturleyfi-barnaverndarstofa>.

¹⁰ Upplýsingar í kaflanum voru leiðréttar í ágúst 2026, eftir útgáfu skýrslunnar, þar sem sjö fósturheimili voru ranglega talin án leyfis.

Samkvæmt athuguninni voru 281 barn (64%) í vistun hjá fósturforeldrum með leyfi frá GEV og 155 börn (36%) í vistun hjá aðilum sem ekki voru með leyfi (mynd 3). Rétt er að geta þess að fósturheimili eru í mörgum tilfellum með fleiri en eitt barn í vistun og er t.d. kveðið á um í 2. mgr. 67. gr. bvl. að ávallt skuli leitast við að finna systkinum sameiginlegt fósturheimili nema sérstakar ástæður standi því í vegi. Er fjöldi barna í fóstri því hærri en heildarfjöldi fósturheimila.



Mynd 3. Hlutfall barna í fóstri 1. apríl 2026 eftir stöðu leyfis fósturheimilis, alls 436 börn.

Nánari upplýsingar um fjölda barna í fóstri og stöðu leyfis fósturheimilis þeirra, skipt eftir barnaverndarþjónustum, má sjá í töflu 3, bls. 17. GEV telur rétt að benda á að við úrvinnslu gagna kom í ljós að í nokkrum tilvikum var ranglega getið til um nafn fósturforeldris og svo voru upplýsingar um fósturforeldra barna ekki réttar eða samræmdar. Til dæmis voru báðir fósturforeldrar tilgreindir hjá sumum börnum en aðeins annað hjá öðrum, þótt um sömu aðila væri að ræða. GEV hreinsaði gögnin eftir bestu vitund en enn gæti gætt á villum í skráningum í einhverjum tilfellum.

Tafla 3. Fjöldi barna í fóstri 1. apríl 2026 eftir barnaverndarþjónustum og stöðu leyfis fósturheimilis.

Barnaverndarþjónusta	Með leyfi	Ekki með leyfi
Akranes	3	3
Árborg	6	5
Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit	2	1
Fjarðabyggð og Hornafjörður	4	3
Garðabær	5	2
Grindavík	2	3
Hafnarfjörður	29	11
Hveragerði og Ölfus	9	2
Kópavogur	28	19
Mið-Norðurland	3	1
Mosfellsbær	4	3
Múlaþing	4	0
Norðurland Eystra	28	16
Reykjanesbær	14	8
Reykjavík	125	69
Seltjarnarnes	0	2
Snæfellingar	1	1
Suðurnesjabær og Vogar	10	2
Vestfirðir	2	3
Vestmannaeyjar	2	1
Alls	281	155

Líklegt er að hluti þeirra aðila sem eru með börn í fóstri og eru ekki með fósturleyfi GEV hafi verið með ótímabundið leyfi frá Barnaverndarstofu sem féll úr gildi í lok árs 2024. Þá er einnig líklegt að í mörgum tilfellum sé um að ræða varanlegt fóstur barna sem hófst í tíð Barnaverndarstofu. Þrátt fyrir það eru viðkomandi aðilar ekki með gilt fósturleyfi frá GEV og þurfa að sækja um slíkt svo vistunin uppfylli skilyrði laga. Þá er gilt fósturleyfi GEV einnig forsenda þess að GEV geti sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart fósturforeldrum.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að tryggja að börn séu ekki vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem hafa ekki tilskilið leyfi frá GEV, sbr. 5. gr. laga um GEV, sbr. einnig 2. mgr. 67. gr. bvl. Ef börn eru nú vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem ekki hafa fósturleyfi er brýnt að barnaverndarþjónustur fylgi því fast eftir að vistunaraðilar sækji um leyfi til GEV svo vistunin geti talist lögmæt.

Eins og fram hefur komið velur barnaverndarþjónusta, í samráði við BOFS, fósturheimili af skrá BOFS yfir fósturleyfishafa, sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl. Vitað er til þess að barnaverndarþjónustur hafi sumar hverjar samið beint við vistunaraðila um fóstur án aðkomu BOFS, m.a. vegna þess hversu langan tíma ferlið við að finna fósturheimili í samráði við BOFS tekur. Bendir GEV á að í þeim tilfellum þar sem vista þarf barn í bráðatilvikum og ekki gefst tími til að leita til BOFS um fósturheimili, þá sé mikilvægt að leita leiða til að tryggja öryggi barns í öðru úrræði meðan unnið er að undirbúningi fósturs.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að koma á verklagi sem tryggir að í öllum tilfellum sé beiðni um fósturheimili send til BOFS áður en barn fer á fósturheimili, sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl. Barnaverndarþjónustur skulu velja fósturforeldra úr hópi þeirra leyfishafa sem eru á skrá BOFS í samráði við stofuna.

Af fyrirliggjandi gögnum eru vísbendingar um að skort hafi á að barnaverndarþjónustur afli staðfestingar á leyfum áður en vistun hefst. Í ljósi þess hvernig málum er háttað eftir árið 2022 er afar mikilvægt að haldið sé utan um leyfisbréf fósturforeldra í málaskrá barnaverndarþjónustunnar enda eru leyfin nú tímabundin. Bendir GEV á að barnaverndarþjónustur þurfi að huga að því hvernig fóstursamningar eru gerðir í þessu samhengi. Alla jafna eru fóstursamningar um varanlegt fóstur gerðir með gildistíma fram til þess tíma er barn nær 18 ára aldri. Í ljósi þess að leyfi fósturforeldra eru nú tímabundin, almennt til fimm ára, telur GEV rétt að annað hvort verði gerður fyrirvari í fóstursamningi um gildi leyfis eða að miða fóstursamning við gildistíma leyfis. Í öllu falli ítrekar GEV mikilvægi þess að barnaverndarþjónustan haldi utan um gildistíma leyfa fósturforeldra sem þau hafa gert samning við.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að hafa ávallt tryggt grundvöll fyrir fóstursamningum og öðrum vistunarsamningum með því að hafa leyfisbréf fósturforeldra og annarra vistunaraðila skráð í mál viðkomandi barna. Leyfishafar eiga að hafa leyfisbréf í sínum fórum og geta sent afrit þess til barnaverndarþjónustu en einnig er hægt að fá afrit leyfis hjá GEV.

3.3 Vistun á grundvelli 84. gr. bvl.

Vinnsla umsóknar vegna fósturleyfis getur tekið langan tíma þar sem hluti vinnslunnar felur í sér umfangsmikið umsagnarferli hjá BOFS. Stofan framkvæmir viðtöl við umsækjendur og úttekt á heimili þeirra og umsækjendur þurfa að sitja námskeið, sem haldið er nokkrum sinnum á ári, og skila svokallaðri lífsbók. Vinnsla nýrrar fósturleyfisumsóknar getur því tekið allt að eitt ár og jafnvel lengur, ef t.d. umsækjendur geta ekki mætt á námskeið þegar þau eru haldin. Ef barnaverndarþjónusta telur hagsmunum barns vera augljóslega best borgið hjá einhverjum sem ekki hefur þá þegar

fengið fósturleyfi GEV er réttast að vista barn á grundvelli 84. gr. bvl., oft kölluð bráðavistun, á meðan unnið er að umsókn um fósturleyfi.

Skv. 1. mgr. 84. gr. bvl. er barnaverndarþjónustum skylt að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila, sambýla eða á annan hátt, til að veita börnum móttöku til að tryggja öryggi þeirra, greina vanda eða til könnunar á aðstæðum þeirra, vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna eða sérstakra þarfa barna. Barnaverndarþjónustur geta falið öðrum rekstur slíkra heimila á grundvelli þjónustusamnings en einkaaðili verður að hafa rekstrarleyfi útgefið af GEV, sbr. 2. mgr. 84. gr. bvl. Í flestum tilfellum eru þjónustusamningar barnaverndarþjónusta um bráðavistun gerðir við aðila sem taka við börnum á einkaheimili sínu.

Almennt er óheimilt að vista barn í úrræði á grundvelli 84. gr. bvl. ef vistunaraðilinn er ekki með rekstrarleyfi frá GEV, sbr. 1. mgr. 43. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Í undantekningartilvikum getur vistun barns þó hafist áður en leyfi GEV liggur fyrir en einungis þegar vinda þarf bráðan bug að ráðstöfun og hagsmunum barns þykir augljóslega best borgið hjá einhverjum sem ekki hefur þá þegar fengið leyfi stofnunarinnar, skv. 1. mgr. 44. gr. sömu reglugerðar. Í slíkum tilfellum ber barnaverndarþjónustum að tilkynna GEV tafarlaust um vistun, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðarinnar. Þá ber barnaverndarþjónustum að leiðbeina þeim aðila sem tekur við barni um leyfisskyldu einkaaðila og skal vistunaraðili leggja fram umsókn um leyfi til GEV eigi síðar en sjö dögum eftir að vistun hefst, sbr. 3. mgr. 44. gr. sömu reglugerðar. Vinnsla umsóknar um bráðavistun skv. 84 gr. bvl. tekur almennt mun styttri tíma en vegna fósturleyfa. Umsagnarferli vegna bráðavistunarleyfa er einfaldara og hafa barnaverndarþjónustur 30 daga til að skila umsögn til GEV þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir hjá stofnuninni.

Bendir GEV því á að réttast væri, þegar barnaverndarþjónustur hyggjast vista barn hjá aðilum sem hafa ekki leyfi hjá stofnuninni og það er talið barni fyrir bestu að vistast hjá viðkomandi, að barnaverndarþjónustan sendi GEV tilkynningu um vistun á grundvelli 44. gr. reglugerðar nr. 652/2004 og vistunaraðilar sæki um viðeigandi leyfi sem við á eðli málsins samkvæmt. Á fyrrgreint við í þeim tilfellum þegar sveitarfélög hafa ekki eigið bráðavistunarúrræði til staðar. Í þessu samhengi áréttar GEV að barnaverndarþjónustur tryggi að börn séu ekki vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem hafa ekki tilskilið leyfi til þess frá GEV, hvort sem um er að ræða fóstur eða bráðavistun.

GEV hefur vitneskju um að í þó nokkrum tilfellum hafi barnaverndarþjónustur vistað börn á einkaheimilum á grundvelli 84. gr. bvl. til lengri tíma og jafnvel fjölda ára. Vistun á einkaheimili á grundvelli 84. gr. bvl. er heimil að jafnaði í allt að þrjá mánuði og ef vistun er ætlað að vara í lengri tíma fer að jafnaði um það eftir ákvæðum barnaverndarlaga um fóstur, sbr. 2. mgr. 36. gr. reglugerðar nr. 652/2004. Það er því ljóst að ef fyrirséð er að vistun barns á einkaheimili muni vara í lengri tíma en þrjá mánuði eða vistun hefur nú þegar varað í meira en þrjá mánuði, skal málavinnslan að jafnaði vera í samræmi við XII. kafla bvl. Í þeim tilfellum ættu barnaverndarþjónustur að upplýsa bráðavistunaraðila um fyrirhugaða breytingu á lagagrundvelli vistunar og ef fósturleyfi GEV liggur ekki fyrir, að leiðbeina þeim um að sækja um slíkt leyfi svo unnt sé að vista barn á réttum lagagrundvelli þegar leyfið liggur fyrir. Ef bráðavistunaraðilar hafa ekki í hyggju að sækja um fósturleyfi til GEV eða barnaverndarþjónustan telur réttar að fóstur fari fram hjá öðrum aðilum skal þjónustan leita til BOFS varðandi val á fósturheimili, sbr. 2. mgr. 67. gr. bvl.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að ganga úr skugga um að mál barna sem vistuð eru á einkaheimili á grundvelli 84. gr. bvl., og vistunin hefur varið eða er ætlað að vara í lengri tíma en þrjá mánuði, séu að jafnaði unnin á grundvelli XII. kafla bvl. um fóstur. Afar brýnt er að barnaverndarþjónustur tryggi að framkvæmd slíkra vistana sé í samræmi við lögbundið fyrirkomulag fósturs og að réttindi barna og vistunaraðila séu skýr og tryggð.

4. Eftirlit með börnum í fóstri

4.1 Almenn

Fjallað er um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis í XV. kafla A barnaverndarlaga og tók þessi kafli miklum breytingum með lögum nr. 80/2011 um breytingu á barnaverndarlögum. Markmið mats og eftirlits er m.a. að tryggja að fyrirkomulag úrræða og framkvæmd vistunar barna utan heimilis sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, staðla og reglna samkvæmt barnaverndarlögum og að tryggja að ráðstöfun nái tilgangi sínum og að réttindi barna séu virt, sbr. 89. gr. a bvl.

Barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í vistun eða fóstur skal fylgjast náið með aðbúnaði og líðan þess og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, sbr. 1. mgr. 89. gr. b bvl. Barnaverndarþjónusta skal afla nauðsynlegra upplýsinga í þessu skyni eftir því sem ástæða þykir til. Þá skal barnaverndarþjónusta leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa því kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan í samræmi við aldur þess og þroska.

Í lögskýringargögnum að baki 1. mgr. 89. gr. b bvl. segir að ákvæðið sé órjúfanlegur liður í þeirri ábyrgð sem barnaverndarþjónustur bera á máli barns samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga.¹¹ Þar segir einnig að barnaverndarþjónusta sem ráðstafar barni í fóstur beri ábyrgð á að allar ákvarðanir um fóstur taki mið af upplýsingum sem aflað var við könnun máls, niðurstöðum könnunar, áætlunum, árangri af samstarfi við foreldra, líðan barnsins í úrræði og hagsmunum barns í heild meðan úrræði varir og til framtíðar. Tekið er fram að ekki sé um hefðbundið eftirlitshlutverk að ræða heldur séu þetta undirstöðuatriði við vinnslu máls og hlutverk sem enginn geti haft með höndum annar en barnaverndarþjónusta. Þá segir einnig að í ákvæðinu sé til áréttingar tekið fram að barnaverndarþjónusta skuli afla upplýsinga ef ástæða þykir til og komi hér t.d. til álita að afla upplýsinga frá leikskóla, skóla, heilsugæslu eða öðrum sem veita barninu þjónustu. Þá segir einnig að í ákvæðinu sé áréttað sérstaklega að barnaverndarþjónusta skuli leitast við að vera í reglubundnu sambandi við barn sem vistað er utan heimilis og gefa barni kost á að tjá sig um aðbúnað sinn og líðan í samræmi við aldur og þroska. Ákvæðið leiðir meðal annars af hinu almenna ákvæði 4. gr. bvl. um hagsmuni barns, samvinnu við barn og tillit til sjónarmiða og óska þess, svo og 46. gr. laganna um réttindi barns við málsmeðferð.

¹¹ Þingskjal 57. (2010-2011). Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum. <https://www.althingi.is/altext/139/s/0057.html>. Ath. að í frumvarpinu er vísað til barnaverndarnefnda en með gildistöku laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 28/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), var hugtakanotkun breytt í barnaverndarþjónustur og hefur eldra hugtaki því verið skipt út fyrir hið nýrra í túlkun á lögskýringagögnum að baki 89. gr. b barnaverndarlaga.

Bendir GEV á að réttur barns til þátttöku felur því ekki aðeins í sér að því sé gefinn kostur á að tjá sig þegar færi gefst til heldur einnig að barnaverndarþjónusta leiti allra raunhæfra leiða til að hitta barnið, ræða við það og tryggja að sjónarmið þess komi fram og séu höfð til hliðsjónar við meðferð máls.

Skv. 2. mgr. 89. gr. b bvl. skal barnaverndarþjónusta heimsækja með reglubundnum hætti börn sem vistuð eru á vegum þjónustunnar á heimilum og stofnunum. Barnaverndarþjónusta skal heimsækja fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfun varir og einu sinni á ári eftir það. Í lögskýringargögnum að baki ákvæðinu segir að markmiðið sé að fylgjast sérstaklega vel með því hvernig barn aðlagast í upphafi vistunar og því sé mælt fyrir um að heimsóknir skulu vera að lágmarki tvær fyrsta árið sem ráðstöfun varir. Þá sé lögð áhersla á að barnaverndarþjónusta meti í hverju tilviki þörf á heimsóknum og gangi ekki út frá því að lögbundið lágmark dugi alltaf til. Við það mat skuli meðal annars líta til tegund fósturs og markmið ráðstöfunar. Auk heimsókna geti þjónustur aflað með reglubundnum hætti upplýsinga um stöðu barns í fóstri. Sérstaklega er áréttað mikilvægi reglubundins samtals við barnið sjálft. Gengið sé út frá því að barni gefist kostur á að tjá sig í samræmi við aldur og þroska þegar barnaverndarþjónusta kemur í heimsókn.¹²

Barnaverndarþjónusta skal grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur, ef í ljós kemur að meðferð barns í fóstri er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt, sbr. 3. mgr. 89. gr. b bvl. Ekki er fjallað nánar um þetta ákvæði í lögskýringargögnum.

Í barnaverndarlögum er jafnframt kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónusta, meðal annars um heimsóknir á fósturheimili. Sú reglugerð hefur þó ekki verið sett þrátt fyrir skýra lagaskyldu frá árinu 2011 og ítrekaðar ábendingar þar að lútandi, meðal annars af hálfu Ríkisendurskoðunar.¹³

Í 34. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004 segir um eftirlit með fóstri að barnaverndarþjónusta sem ráðstafi barni í fóstur fari með mál barnsins meðan ráðstöfun vari. Barnaverndarþjónusta skuli fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum. Þá skuli barnaverndarþjónusta heimsækja fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári og oftari ef ástæða þygi til. Að öðru leyti er ekki fjallað um markmið og framkvæmd eftirlitsins í reglugerðinni.

¹² Þingskjal 57. (2010-2011). Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

¹³ Ríkisendurskoðun. (2015). Skýrsla til Alþingis: Staða barnaverndarmála á Íslandi, bls. 18. <https://www.rikisend.is/reskjal/files/Skyrslur/2015-barnaverndarmal.pdf>

Á kynningarfundum GEV vegna frumkvæðisathugunarinnar, þann 5. mars 2026, komu fram þó nokkrar spurningar frá barnaverndarþjónustum um hvað teldist til eftirlits með börnum í fósttri í skilningi barnaverndarlaga. Spurningarnar vörðuðu meðal annars hvort t.d. samskipti við fósturforeldra, fundir í skólum og viðtöl við börn á skrifstofu barnaverndarþjónustu teldust til eftirlits enda koma oft fram mikilvægar upplýsingar um stöðu og líðan barns við slík tilfelli. GEV vekur athygli á að frumkvæðisathugin var afmörkuð við eftirlitsheimsóknir í skilningi 2. mgr. 89. gr. b bvl., þ.e. heimsóknir á fósturheimili sem skulu fara fram að lágmarki tvisvar sinnum á fyrsta ári ráðstöfunar og einu sinni á ári eftir það. Aðrar upplýsingar um eftirfylgd barns, svo sem viðtöl við barn, fundir með fósturforeldrum eða samskipti við skóla og aðra þjónustuaðila, voru því ekki lagðar til grundvallar við mat GEV á því hvort lögbundnum lágmarkskröfum um eftirlitsheimsóknir hefði verið fullnægt. Stofnunin telur þó að slíkar heimsóknir séu mikilvæg viðbót við eftirlitsheimsóknir.

Yfirferð gagnanna gaf tilefni til að ætla að barnaverndarþjónustunum sé ekki að öllu leyti ljóst hvað teljist til eftirlitsheimsókna í skilningi barnaverndarlaga og hvaða kröfur séu gerðar til þeirra varðandi eftirlit með börnum í fósttri. Virðist því sem ákvæði um eftirlitsheimsóknir í barnaverndarlögum og reglugerð um fóstur séu ekki nægilega skýr. Telur GEV mikilvægt að í lögum og/eða reglugerðum sé kveðið skýrar á um markmið og framkvæmd eftirlits með börnum í fósttri en gert er í núgildandi barnaverndarlögum og reglugerð um fóstur til að formbinda framkvæmd eftirlits og stuðla að samræmdari stjórnsýslu í málaflokknum. Á fundi GEV með mennta- og barnamálaráðuneytinu þann 1. júní 2026, vegna endurskoðunar á reglugerð um fóstur, kom stofnunin framangreindu á framfæri til ráðuneytisins.

4.2 Skráning gagna vegna eftirlitsheimsókna

Barnaverndarþjónustur skiluðu upplýsingum til GEV, á þar til gerðu gagnaöflunarskjali, um fjölda eftirlitsheimsókna á ári fyrir hvert barn í fósttri sem og afriti skráninga úr málaskrá vegna heimsóknanna. Við mat GEV á gögnum sem bárust stofnuninni var lagt til grundvallar hvort fyrirbyggjandi skráningar staðfestu að farið hefði verið í eftirlitsheimsókn í samræmi við 2. mgr. 89. gr. b bvl. Við það mat var einkum litið til þess hvort skráning bæri með sér að farið hefði verið á fósturheimili, hvort barn hefði verið viðstatt heimsóknina eða hvort leitast hefði verið við að hitta barnið með öðrum hætti ef það var ekki á fósturheimilinu þegar eftirlitsheimsókn fór fram. Þá var jafnframt litið til þess hvort fyrir lægju upplýsingar um líðan barns, aðstæður þess eða önnur atriði sem bentu til þess að eftirlit með aðbúnaði og líðan barnsins hefði farið fram og að barninu hefði verið gefinn kostur á að tjá sig í samræmi við aldur þess og þroska með hliðsjón af ákvæðum barnaverndarlaga og reglugerðar um fóstur sem kveða á um eftirlit með börnum í fósttri.

Frumkvæðisathugin fól ekki í sér sjálfstæða skoðun á því hvort eftirlitsheimsókn hefði í reynd farið fram ef það var ekki ráðið af þeim gögnum sem bárust GEV. Niðurstöður athugunarinnar byggja því á mati GEV á því hvort að fyrirbyggjandi gögn staðfestu að

skilyrðum lögbundinnar eftirlitsheimsóknar væru uppfyllt. Ef skráningar voru ófullnægjandi eða lágu ekki fyrir gat GEV ekki lagt slíkar heimsóknir til grundvallar við yfirferð sína.

Í barnaverndarlögum er skýrt kveðið á um kröfu um skráningar upplýsinga og varðveislu gagna við vinnslu barnaverndarmála. Í 39. gr. bvl. er áréttuð sú skylda barnaverndarþjónusta að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt. Í 42. gr. laganna kemur fram að barnaverndarþjónustu ber að skrá upplýsingar um málsatvik sem henni eru veittar munnlega ef hún telur þær geta haft þýðingu fyrir úrlausn máls og þær er ekki að finna í öðrum gögnum málsins, sbr. einnig 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Í þessu felst að barnaverndarþjónustu ber að skrá vandlega niður öll málsatvik í hverju einstöku máli, allt frá því að tilkynning berst og þar til máli er lokað. Þá þarf einnig að vera tryggt að allar ákvarðanir séu skráðar og rökstuddar, hvort heldur sem ákvörðunin felur í sér að aðhafast eitthvað eða ekki, og byggja á upplýsingum sem liggja fyrir.¹⁴ Þannig á að vera unnt að rekja feril máls á tæmandi hátt.

Fullnægjandi skráning er grundvallarforsenda þess að tryggja réttaröryggi barns, samfellu í eftirfylgni og að málsmeðferð sé í samræmi við lög og reglur. GEV undirstrikar mikilvægi þess að barnaverndarþjónustur skrái upplýsingar og samskipti með fullnægjandi hætti svo unnt sé að rekja meðferð mála og leggja mat á hvort málsmeðferð hafi verið í samræmi við lögbundnar skyldur. Vönduð skráning er þannig forsenda þess að GEV geti ræktað lögbundið eftirlitshlutverk sitt.

Við yfirferð gagna sem bárust frá barnaverndarþjónustum komu fram annmarkar á skráningu og varðveislu gagna er vörðuðu eftirlitsheimsóknir. Annmarka var að einhverju marki að finna í gögnum allra barnaverndarþjónusta, þó umfang þeirra hafi verið mismunandi. Í fjölmörgum málum reyndist erfitt að staðfesta, á grundvelli fyrirliggjandi skráninga, hvort eftirlitsheimsókn hefði farið fram í samræmi við þær upplýsingar sem fram komu í gagnaöflunarskjali, m.a. vegna þess að skráningar vantaði. Í tilfelli 34 barna tiltóku barnaverndarþjónustur í gagnaöflunarskjali að skráningar vegna einstakra heimsókna væru ekki til staðar. Í tilviki 21 barns fylgdu engin gögn með er luttu að skráðum eftirlitsheimsóknum. Þá voru einnig dæmi um að ekki yrði ráðið af fyrirliggjandi skráningum barnaverndarþjónustu hvort starfsmaður hennar hefði yfir höfuð séð barnið um margra ára skeið þrátt fyrir skráðar eftirlitsheimsóknir í gagnaöflunarskjali, þar á meðal á fyrsta ári fósturs þegar ríkari kröfur eru gerðar til eftirlits.

Einnig voru skráningar í mörgum tilvikum mjög takmarkaðar eða jafnvel innihaldslausar. Dæmi voru um tóma dagála, skráningar þar sem einungis voru tilgreindar dagsetningar án

¹⁴ Barnaverndarstofa: Handbók um vinnslu barnaverndarmála, bls. 18-19.

innihalds, tvíteknar skráningar með sama innihaldi en sitthvorri dagsetningunni sem og skráningar sem virtust eiga við um annað barn en skráningin átti að ná til, sbr. umfjöllun í kafla 4.3. GEV áréttar að þrátt fyrir að slík samskipti séu mikilvægur þáttur í eftirfylgd barns í fóstri falla þau ekki undir þá afmörkun sem lögð var til grundvallar í frumkvæðisathuguninni og teljast ekki til eftirlitsheimsókna í skilningi 2. mgr. 89. gr. b bvl.

Í skráningum vegna heimsókna á fósturheimili kom ítrekað fyrir að óljóst væri með öllu hvort rætt hafi verið við barnið í heimsókninni. Einnig var í nokkrum tilvikum skráð að barn hafi ekki verið viðstatt þegar heimsókn fór fram og að henni yrði fylgt eftir með annarri heimsókn til að ræða við barnið án þess að það lægi fyrir í gögnum málsins að svo hafi verið gert. Þar að auki kom ítrekað fyrir að skráð væri að ekki hafi verið farið í heimsókn en að fyrir lægi að það yrði gert en engar frekari upplýsingar voru að finna um hvort af heimsókn hafi orðið. Þá vantaði í sumum tilvikum skráningar fyrir heilu árin á tímabili fósturs. Við yfirferð skráninga var tekið mið af aldri og þroska barns. Hafi barn verið of ungt til að tjá sig sjálft en skráðar voru upplýsingar um líðan þess og/eða aðstæður á heimili taldi GEV eftirlitsheimsóknina fullnægjandi. Ef engar slíkar upplýsingar lágu fyrir eða óljóst var hvort barnið hefði verið heima, var ekki unnt að staðfesta á grundvelli skráninga að eftirliti hefði verið sinnt með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Þá var það gegnumgangandi að svo virtist sem ekki væri nægilega vel gætt að því að gögn systkina væru skráð með fullnægjandi hætti. Í mörgum tilvikum var t.a.m. ein og sama skráning fyrir systkini sem vistuð voru á sama heimili og því erfitt að greina á milli við hvaða systkini hafi verið rætt, þar sem nafn barns sem rætt var við var ekki tiltekið í skráningunni. Þannig kom það ítrekað fyrir að gögn sem áttu einungis við um systkini A væru að finna í gögnum um systkini B, en ekki var sérstaklega tilgreint hvort að systkini B væri heima eða hvort rætt hafi verið við barnið. Verður að telja framangreint afar varhugavert í ljósi persónuverndarsjónarmiða. Þá er til þess að líta að hver og einn einstaklingur á að geta óskað eftir upplýsingum um sitt mál hjá barnaverndaryfirvöldum og þá er grundvallarforsenda að allar upplýsingar um viðkomandi barn séu að finna í máli þess en ekki hjá systkini.

Af yfirferð gagna sem bárust GEV verður ráðið að töluverðir annmarkar hafi verið á skráningu upplýsinga og varðveislu gagna sbr. 39. og 42. gr. bvl. hjá barnaverndarþjónustum. Skortur og/eða misbrestur á skráningu leiðir óhjákvæmilega til þess að ekki verður hægt að álykta að fullu hvort málavinnsla barnaverndarþjónusta hafi

verið í samræmi við lögbundnar skyldur. GEV ítrekar að ein helsta forsenda þess að GEV geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu er vönduð skráning og varðveisla gagna.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að endurskoða verklag sitt er kemur að skráningu upplýsinga og gagna vegna eftirlitsheimsókna á fósturheimili. Tryggja skal að farið sé eftir ákvæðum 39. og 42. gr. bvl. við skráningu barnaverndarmála, sbr. einnig 1. mgr. 27. gr. upplýsingalaga, og að öll gögn og upplýsingar séu skráð og varðveitt með tilætluðum hætti.

4.3 Fjöldi og tíðni eftirlitsheimsókna

Eins og fram hefur komið er í barnaverndarlögum gerð krafa um að eftirlit á fósturheimili fari að lágmarki fram tvisvar sinnum fyrsta árið sem barn er í fóstri og a.m.k. einu sinni á ári eftir það.¹⁵ Við yfirferð upplýsinga frá barnaverndarþjónustum úr gagnaöflunarskjali mátti sjá í mörgum tilfellum veruleg frávik frá lágmarkskröfu um fjölda eftirlitsheimsókna og framkvæmd þeirra. Við úrvinnslu gagna lagði GEV sjálfstætt mat á hvort innsendar skráningar uppfylltu skilyrði þess að teljast eftirlitsheimsóknir í samræmi við 2. mgr. 89. gr. b bvl. Þær upplýsingar sem komu fram í innsendum gögnum miðað við innihald innsendra skráninga sýndu oft töluverðan mun á því sem barnaverndarþjónusturnar mátu sem eftirlitsheimsókn og því sem GEV taldi að uppfyllti skilyrði eftirlitsheimsókna samkvæmt lögum.

Tafla 4. Fjöldi barna í fóstri 1. apríl 2026 eftir barnaverndarþjónustum, lögbundinn lágmarksfjöldi eftirlitsheimsókna vegna barnanna, fjöldi og hlutfall eftirlitsheimsókna skv. upplýsingum frá barnaverndarþjónustum.

¹⁵ Við greiningu gagna var litið til þess að ef barn var einungis búð að vera í skamman tíma í fóstri þegar úrvinnsla hófst var miðað við að ef barn hafði dvalið í sex mánuði á fyrsta ári hefði a.m.k. ein eftirlitsheimsókn átt að hafa farið fram en ef eitt ár var liðið frá upphafi fósturs við greiningu gagna var miðað við að heimsóknirnar hafi átt að vera a.m.k. tvær.

Barnaverndarþjónusta	Fjöldi barna	Lögbundinn lágmarksfjöldi heimsókna	Fjöldi heimsókna skv. barnaverndarþjónustum og hlutfall af lágmarksfjölda	
Akranes	6	32	25	78%
Árborg	11	87	20	23%
Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit	3	12	17	142%
Fjarðabyggð og Hornafjörður	7	47	39	83%
Garðabær	7	32	34	106%
Grindavík	5	29	13	45%
Hafnarfjörður	40	201	128	64%
Hveragerði og Ölfus	11	19	21	111%
Kópavogur	47	313	259	83%
Mið-Norðurland	4	46	37	80%
Mosfellsbær	7	34	37	109%
Múlaþing	4	11	11	100%
Norðurland Eystra	44	284	277	98%
Reykjanesbær	22	132	73	55%
Reykjavík	194	1296	1237	95%
Seltjarnarnes	2	4	2	50%
Snæfellingar	2	14	20	143%
Suðurnesjabær og Vogar	12	74	65	88%
Vestfirðir	5	41	17	41%
Vestmannaeyjar	3	25	30	120%
Alls	436	2733	2362	

Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá barnaverndarþjónustum gerðu þær í þó nokkrum tilfellum grein fyrir því að eftirlit hefði ekki átt sér stað í samræmi við lágmarkskröfur eða hvers vegna umbeðnar skráningar fylgdu ekki með gagnasendingunni til GEV, þrátt fyrir að þær hafi verið taldar með sem eftirlitsheimsókn. Kom m.a. ítrekað fram að skráningar skorti, engar heimsóknir hafi átt sér stað en fundað hafi verið með fósturforeldrum, að heimsóknir hafi farið fram en engin gögn væru því til stuðnings og að eftirfylgd hefði farið fram í öðru formi en með eftirlitsheimsókn.

Við yfirferð innsendra gagna frá barnaverndarþjónustum lagði GEV mat á hvort unnt væri að staðfesta, á grundvelli fyrirliggjandi skráninga, að eftirlitsheimsókn hefði farið fram í samræmi við lögbundnar kröfur. Dæmin hér fyrir neðan eru sett fram til að varpa ljósi á þær aðstæður sem ítrekað komu fram við yfirferð skráninga. Í öllum tilvikum hafði viðkomandi skráning verið tilgreind af barnaverndarþjónustu sem eftirlitsheimsókn í innsendu gagnaöflunarskjali. Við yfirferð gagnanna komu meðal annars ítrekað fram eftirfarandi annmarkar í skráningum:

- Oft lágu fyrir skráningar sem innihéldu annað en eftirlitsheimsóknir, t.d. samtöl við fósturforeldra um umgengni eða greiðslur, samráðsfundi í skóla, viðtöl við sálfræðinga eða talsmenn en ekkert kom fram um hvort starfsmaður

barnaverndarþjónustu hafi rætt við barnið eða upplýsingar um líðan þess og aðstæður á fósturheimilinu.

- Í nokkrum tilvikum voru heimsóknir á fósturheimili áður en fósturráðstöfun hófst talin til eftirlitsheimsóknar. Þá kom ítrekað fyrir að skráningar voru taldar með til eftirlitsheimsókna sem vörðuðu heimsóknir á fósturheimili til að skoða aðstæður áður en vistun hófst.
- Ítrekað voru viðtöl við börn í skóla eða önnur samskipti tilgreind sem eftirlitsheimsókn án þess að af skráningum yrði ráðið að jafnframt hefði verið farið á fósturheimili.
- Þá var ítrekað að finna upplistaðar dagsetningar án innihalds. Í sumum tilvikum fylgdi þó skýring á því að skráning eða dagall hafi ekki fundist en í öðrum tilvikum voru engar frekari skýringar að finna. Þrátt fyrir það voru fyrrgreindar heimsóknir taldar með í innsendu yfirliti barnaverndarþjónusta.
- Oft var skráð að farið hefði verið á fósturheimili án þess að barnið hafi verið viðstatt. Af fyrirliggjandi gögnum varð þó ekki ráðið að heimsókninni hafi síðar verið fylgt eftir með samtali við barnið.
- Einnig komu ítrekað fyrir tilvik þar sem eftirlitsheimsókn varðaði umgengni barns við kynforeldra, svo sem þegar barn var sótt eða því fylgt til umgengni. Voru slík afskipti talin með sem eftirlitsheimsókn þrátt fyrir að tilgangur þeirra hafi ekki verið eftirlit með aðstæðum og líðan barns á fósturheimili.

Við yfirferð á gögnum mátti sjá að sjaldnar hafi verið farið í eftirlitsheimsóknir ef fósturforeldrar voru ættingjar barnsins, en munurinn var þó ekki mikill. Framangreindar skýringar barnaverndarþjónustanna voru hafðar til hliðsjónar við úrvinnslu gagnanna. Þær breyttu þó ekki þeirri niðurstöðu að í mörgum tilvikum var ekki unnt, á grundvelli fyrirliggjandi skráninga og þeirra upplýsinga sem bárust GEV, að staðfesta að lögbundnum lágmarkskröfum um að eftirlitsheimsókn hefði verið fullnægt.

Við framkvæmd athugunarinnar hringdi GEV í 20 ungmenni á aldrinum 16-20 ára sem voru eða höfðu verið í fóstri. Í samtölunum kom fram að nokkur ungmennanna höfðu reglulega hitt barnaverndarstarfsmann á fósturheimili í gegnum tíðina. Algengara var þó að ungmennin upplifðu að heimsóknir barnaverndarþjónustu hefðu verið mun færri en lagaskyldan kveður á um og gátu mörg þeirra ekki sagt til um það hvenær starfsmaður frá barnaverndarþjónustu kom síðast í heimsókn. Nokkur þeirra lýstu því að heimsóknir hafi aðeins farið fram á fyrstu árum fósturs og var áberandi að tíðni heimsókna fækkaði verulega eftir því sem þau urðu eldri. Sterkar vísbendingar eru því til staðar um að eftirlit barnaverndarþjónustu dragist saman með hækkandi aldri barna. Sérstaklega var áberandi að ungmennin upplifðu að tengsl við barnaverndarþjónustu höfðu rofnað eftir 18 ára aldur þótt þau væru áfram í fóstri eða fengu annan stuðning á grundvelli barnaverndarlaga til 20 ára aldurs. Meðal þess sem fram kom í viðtölum eftirlitsaðila GEV við ungmennin er eftirfarandi:

„Þau komu sjaldan, veit ekki hversu oft.“
„Á fyrsta fósturheimilinu kom enginn. Á seinna fósturheimilinu fór starfsmaður með mig í fóstur en kom ekkert eftir það.“
„Þau komu einu sinni á ári eftir fyrstu árin en man svo ekki hversu oft.“
„Eftir því sem ég varð eldri komu þau sjaldnar, mér fannst ég hafa gleymst.“
„Það breyttist eftir því sem ég varð eldri en þá voru heimsóknirnar færri en ég gat alltaf talað við starfsmann ef ég hefði viljað.“
„Þau hafa ekki komið frá því ég varð 18 ára.“

Þó svo að það fari út fyrir markmið þessarar athugunar er talið rétt að benda á í þessu samhengi að hluti ungmennanna sem rætt var við töldu að ekki hafi verið staðið nægilega vel að undirbúningi fyrir 18 ára afmælisdag þeirra. Voru nefnd dæmi um að þau hafi verið í óvissu um stöðu sína og hvort barnaverndarþjónustan hafi ætlað að framlengja fóstur fram yfir 18 ára aldur, jafnvel allt að viku fyrir afmælisdaginn, og hafi það valdið þeim miklum kvíða og óöryggi. Löggjafinn leggur áherslu á að þegar börn eru í fóstri eða vistun til 18 ára aldurs beri barnaverndarþjónustu, eigi síðar en þremur mánuðum áður en barn nær 18 ára aldri, að meta þarfir barnsins fyrir frekari úrræði, sbr. 2. mgr. 25. gr. bvl. Með samþykki ungmennis getur barnaverndarþjónusta samþykkt að ráðstöfun haldist til allt að 20 ára aldurs. Áframhaldandi ráðstöfun felur ekki aðeins í sér formlega framlengingu vistunar heldur einnig áframhaldandi ábyrgð á stuðningi, eftirfylgni og eftirliti samkvæmt barnaverndarlögum. Áréttar GEV mikilvægi þess að standa vel að undirbúningi fyrir 18 ára afmæli barns í fóstri í samræmi við ofangreindar lagaskyldur.

Við undirbúning athugunarinnar hringdi GEV í 39 fósturforeldra til að fá upplýsingar um símanúmer ungmenna sem komu til greina sem þátttakendur í athuginni. Þó tilgangur símtalanna hafi ekki verið að leita eftir reynslu fósturforeldranna þá var mörgum þeirra tíðrætt um að lítil eða engin afskipti hefðu verið af hálfu barnaverndarþjónustunnar af barninu um langt skeið og að skortur hafi verið á stuðningi við barnið sem og fósturforeldrana.

Af öllum þeim gögnum sem liggja til grundvallar athuginni verður ráðið að mikill misbrestur hafi verið á því að barnaverndarþjónustur uppfylli lögbundin lágmarksskilyrði um fjölda og tíðni eftirlitsheimsókna á fósturheimili, hvort sem litið er til upplýsinga frá barnaverndarþjónustum, túlkun GEV á skráningum vegna eftirlitsheimsókna eða frásagna ungmennanna sem rætt var við. Þessar niðurstöður ríma við fyrri rannsóknir sem hafa

gefið til kynna að eftirlit með börnum í fóstri hafi oft verið ábótavant.¹⁶ Skortur á reglubundnu eftirliti dregur úr getu barnaverndarþjónustu til að fylgjast með aðbúnaði og líðan barna og bregðast við þörfum þeirra á þeim tíma sem þau kunna að þurfa hvað mest á stuðningi að halda. Þetta felur í sér verulegan annmarka á framkvæmd verndarhlutverks barnaverndarþjónustanna.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að koma á verklagi sem tryggir að börn í fóstri séu heimsótt eftir þörfum og eigi sjaldnar en lög kveða á um með það að markmiði að fylgjast náið með aðbúnaði og líðan barnanna og því að ráðstöfun nái tilgangi sínum, sbr. 1. og 2. mgr. 89. gr. b vbl. Í því sambandi er mikilvægt að mat sé lagt á það hvort þörf sé á tíðari heimsóknum með hliðsjón af aðstæðum og þörfum barnsins. Skyldur til eftirlitsheimsókna eiga einnig við þegar fóstur er framlengt eftir 18 ára aldur barns.

4.4 Þátttaka barna og eftirfylgni

Gefa skal barni kost á að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska og taka skal réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins, sbr. 2. mgr. 46. gr. vbl. Eins og fram hefur komið er í eftirlitsheimsóknum gengið út frá því að barni gefist kostur á að tjá sig í samræmi við aldur og þroska.¹⁷ Mikilvægt er að gæta að því að ræða ávallt við barnið sjálft þegar farið er í heimsókn á fósturheimili og gefa barninu tækifæri til að ræða einslega við starfsmann barnaverndarþjónustunnar.¹⁸ Þá skal barnaverndarþjónusta grípa til viðeigandi ráðstafana ef í ljós kemur að meðferð barns í fóstri er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt, sbr. 3. mgr. 89. gr. b vbl.

Réttur barna til þátttöku og tjáningar er grundvallarþáttur í eftirliti með líðan og aðbúnaði barna, sbr. 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (hér eftir Barnasáttmálinn) og 46. gr. vbl. sem mælir fyrir um réttindi barns við málsmeðferð. Traust, stöðugleiki í tengslum og regluleg samtöl skipta miklu máli fyrir þátttöku barna og vilja þeirra til að tjá sig opinskátt.¹⁹ Þátttaka barna felur ekki aðeins í sér formleg réttindi til að tjá sig heldur einnig skyldu stjórnvalda og fullorðinna til að skapa börnum raunveruleg, örugg og aðgengileg

¹⁶ Guðrún Kristinsdóttir. (2004). Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en... Um reynslu ungs fólks af fóstri. Barnaverndarstofa 2004 og Birgitta Rós Laxdal og Freydis Jóna Freysteinsdóttir. (2023). Fósturbarn og hvað svo? *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(17): <https://felagsradgjof.is/wp-content/uploads/2023/04/Fosturbarn-hvad-svo.pdf> [sótt 27. mars 2026].

¹⁷ Þingskjal 947. (2009-2010). Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 um breytingar á barnaverndarlögum, með síðari breytingum <https://www.althingi.is/altext/pdf/138/s/0947.pdf>

¹⁸ Barnaverndarstofa (2020). Handbók um vinnslu barnaverndarmála, bls. 88.

¹⁹ Skýrsla frá Helsetilsynet nr. 8/2024. Får barn som bur i fosterheim oppfølging i samsvar med dei faktiske behova sine? <https://www.helsetilsynet.no/publikasjoner/rapport-fra-helsetilsynet/2024/far-barn-som-bur-i-fosterheim-oppfoelging-i-samsvar-med-dei-faktiske-behova-sine/#>

tækifæri til þátttöku. Sýnt hefur verið fram á að þegar börn í viðkvæmri stöðu fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um eigið líf á merkingarbæran hátt geti það stuðlað að auknum skilningi þeirra á eigin aðstæðum, auknu öryggi og jákvæðari sjálfsmynd.²⁰ Starfsmaður barnaverndarþjónustu sem vitjar barns sem vistað er utan heimilis er í mikilvægri stöðu til þess að gefa barninu tækifæri til samtals og virkja barnið sem þátttakanda.

Í þessu samhengi er gott að styðjast við Lundy-líkanið um þátttöku barna, sem byggir á 12. gr. Barnasáttmálans.²¹ Líkanið undirstrikar að raunveruleg þátttaka barna krefst ekki aðeins að barn fái tækifæri til að tjá sig heldur þarf að uppfylla öll eftirfarandi atriði:

1. Barninu sé tryggður öruggur **vettvangur** til að tjá sig.
2. Veita barninu **rödd** með því að gefa því nauðsynlegar upplýsingar til að það geti komið skoðun sinni á framfæri.
3. Tryggja barninu **áheyrn** hjá aðilum sem bera ábyrgð á því að hlustað sé á það og hafa völd til að aðhafast í máli þess.
4. Tryggja að barnið geti haft **áhrif** með því að taka sjónarmiðum þess alvarlega og þeim fylgt eftir þegar það á við.

Í samtölum GEV við ungmennin kom í ljós að mörg þeirra höfðu takmarkaða vitneskju um að barnaverndarþjónustan hefði það hlutverk að sinna reglubundnu eftirliti með þeim í fóstri og höfðu sum þeirra aðeins nýlega fengið slíkar upplýsingar. Sum voru meðvituð um að heimsóknir ættu að eiga sér stað en skildu þó ekki tilgang þeirra.

Til þess að unnt sé að leggja mat á bestu hagsmuni barns þarf að tryggja að það sé upplýst um réttindi sín og stöðu, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. bvl. GEV leggur áherslu á nauðsyn þess að börn sem vistuð eru utan heimilis fái upplýsingar um réttindi sín sem og tilgang eftirlitsheimsókna með barnvænum hætti, í samræmi við aldur og þroska þeirra.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að koma á verklagi sem tryggir að börn í fóstri séu upplýst á barnvænan hátt um mál sín og að því marki sem aldur þeirra og þroski gefur tilefni til, svo þau geti betur tjáð skoðanir sínar við meðferð máls, sbr. 2. mgr. 4. gr. bvl., sbr. einnig 12. gr. Barnasáttmálans.

²⁰ Hervör Alma Árnadóttir og Hildur Rán Andrésardóttir. (2024). Viðhorf og þekking félagsráðgjafa og meistaranema til þátttöku barna. Í Barnavernd á Íslandi fyrr og nú, bls. 172-173

²¹ Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>. Sjá einnig European Union. (e.d.). *The Lundy Model of Child Participation*. <https://eu-for-children.europa.eu/system/files/2024-10/The-Lundy-model-of-child-participation.pdf>.

Upplýsingagjöf til barna er nauðsynlegur þáttur í þátttöku barna í málum sínum samkvæmt Lundy-líkaninu hér að ofan. Mikilvægi þess að börn fái upplýsingar um hlutverk barnaverndarþjónustu og réttindi sín hefur jafnframt verið undirstrikað í framkvæmdaráætlun í barnavernd fyrir árin 2023 til 2027.²² Þar er áhersla lögð á að auka traust milli barna og barnaverndarþjónustu með því að tryggja að börn séu upplýst um hlutverk barnaverndarþjónustu, rétt barna til verndar gegn ofbeldi og vanrækslu með barnvænum hætti og með tilliti til þarfa þeirra hverju sinni.

Nokkur ungmennanna sögðu frá jákvæðri reynslu af eftirlitsheimsóknum þar sem regluleg samskipti við barnaverndarstarfsmann áttu sér stað, rætt var við þau einslega þegar við átti og þau upplifðu traust til starfsmannsins. Það var þó algengara að þau sögðu frá því að hafa upplifað takmörkuð tækifæri til raunverulegs einkasamtals eða skýrt boð um slíkt. Sum ungmennanna upplifðu sig ekki sem virka þátttakendur í eigin máli þar sem starfsmenn hafi frekar rætt við fósturforeldra en þau sjálf við heimsóknir. Sum sögðust hafa verið í reglubundnum samskiptum við barnaverndarstarfsmann í gegnum síma eða skilaboð en hefðu frekar kosið persónulegar heimsóknir. Þá var algengt að barnaverndarstarfsmenn höfðu ekki komið í heimsókn í lengri tíma.

Frásagnir ungmennanna voru að mörgu leyti í samræmi við greiningu GEV á skráningum eftirlitsheimsókna og bendir því marga til þess að verulegur misbrestur hafi oft átt sér stað í framkvæmd eftirlitsheimsókna hvað varðar samskipti við börnin sjálf, mat á líðan þeirra og eftirfylgni með neikvæðum upplýsingum. Í mörgum tilfellum var ekki hægt að sjá á skráningum máls hvort rætt hafi verið við barnið og kom jafnvel fyrir að barn hafi ekki verið heima þegar eftirlitsheimsóknin fór fram, sbr. umfjöllun í kafla 4.2. Þá mátti sjá í skráningum nokkurra mála að fram komu upplýsingar um vanlíðan barna, óhreinlæti, harðræði, óviðunandi uppeldisaðferðir, slæmar aðstæður á fósturheimilinu auk óska barna um aukin samskipti við barnaverndarstarfsmann. Oft hafi verið óljóst hvort og hvernig brugðist hafi verið við slíkum upplýsingum. Þess ber þó að geta að eingöngu var óskað eftir skráningum um eftirlitsheimsóknir og því má vera að aðrar skráningar í máli sýni fram á eftirfylgni með upplýsingunum. En í sumum málanna mátti þó sjá vísbendingar um að lítið sem ekkert hafi verið aðhafst milli eftirlitsheimsókna þó svo að tilefni hafi verið til.

Traust reyndist lykilþáttur í samtölum barna við starfsmenn barnaverndarþjónustu en meirihluti ungmennanna sem GEV ræddi við lýstu takmörkuðu trausti til barnaverndarstarfsmanns og höfðu þau þess vegna kosið að segja lítið eða ekkert frá líðan sinni. Þau sem höfðu sagt frá neikvæðri reynslu eða komið öðrum upplýsingum á framfæri við

²² Þingskjal 723. (2023-2024) Framkvæmdaráætlun á sviði barnaverndar 2023-2027.

barnaverndarstarfsmann upplifðu mörg hver að ekki hafi verið hlustað á þau eða að ekkert hafi verið aðhafst í málinu. Í því sambandi voru bæði nefnd dæmi um frásagnir af neikvæðri reynslu á fósturheimili en einnig aðrar upplýsingar og óskir sem þau höfðu komið á framfæri og þeim fannst ekki hlustað á. Mörg ungmennanna töldu að frekar væri tekið mark á sjónarmiðum fósturforeldranna en þeirra sjálfra. Meðal þess sem fram kom í viðtölum við ungmennin var eftirfarandi:

„Ég fékk ekki tækifæri til að tala við þau ein.“

„Þau töluðu alltaf við fósturforeldrana en ekki mig.“

„Ég gat alltaf leitað til starfsmanns barnaverndar þó þau hafi ekki alltaf komið, t.d. sent tölvupóst.“

„Ég gat ekki treyst starfsmanninum.“

„Ég treysti bara einum starfsmanni.“

„Það var ekki hlustað á mig varðandi fyrsta heimilið, sem var ekki gott.“

„Ég vissi með viku fyrirvara að ég væri að fara heim, sem var ekki mín ósk.“

„Allt sem ég sagði var aldrei gert neitt í.“

„Þau slitu á samband við mig og sviku loforð um að ég fengi áframhaldandi fóstur.“

Ljóst er af yfirferð skráninga og samtölum við ungmennin að bæta megi umtalsvert úr þátttöku barna við eftirlitsheimsóknir á fósturheimili. Lykilatriði er að barnaverndarstarfsmaður byggji upp traust við barnið svo það upplifi að það geti tjáð sig um líðan sína og aðbúnað. Einnig má bæta úr því að frásögnum og óskum barnanna sé fylgt markvisst eftir þannig að þau upplifi að á þau sé hlustað og að tillit sé tekið til skoðana þeirra. Vísbendingar eru um að í sumum tilfellum hafi barnaverndarstarfsmenn fylgt frásögnum og óskum barna eftir en að athuguðu máli hafi barnaverndarþjónustan komist að niðurstöðu sem hafi ekki verið í beinu samræmi við vilja eða ábendingar barnsins. Virðist þá stundum hafa skort á að barnið hafi verið upplýst á viðeigandi hátt um niðurstöðu barnaverndarþjónustunnar og ástæður hennar og hafi barnið því upplifað að ekki hafi verið hlustað á það.

Í framkvæmd getur skapast togstreita milli sjónarmiða barns og mats fullorðinna á því sem talið er barninu fyrir bestu. Bent hefur verið á að í slíkum aðstæðum geti skapast hættu á því að andmæli barnsins eða ólík sjónarmið séu túlkuð sem merki um skort á þroska eða hæfni til þátttöku fremur en lögmæt tjáning reynslu og vilja barnsins.²³ Við slíkar aðstæður getur þátttökuréttur barna orðið háður mati fullorðinna fremur en sjálfstæður réttur barnsins. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við framkvæmd eftirlitsheimsóknna og almenna vinnslu mála til að stuðla betur að því að börn í fóstri geti haft áhrif á stöðu sína.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að koma á verklagi sem tryggir að við eftirlitsheimsóknir sé ávallt rætt við börnin í samræmi við aldur og þroska þeirra og að þeim gefist tækifæri til að ræða einslega við starfsmann barnaverndarþjónustu með það að markmiði að meta aðbúnað og líðan barns, sbr. 1. mgr. 89. gr. b vbl.

Þá er þeim **tilmælum** beint til **barnaverndarþjónusta** að tryggja að sjónarmið barna í fóstri hafi raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku og eftirfylgni með því að bregðast tafarlaust við þegar barn í fóstri greinir frá vanlíðan eða kvörtunum, og að skráð sé hvaða ráðstafanir voru gerðar í kjölfarið. Leiði mat á bestu hagsmunum barnsins til þess að gengið sé gegn vilja þess, ber að færa fyrir því skýr og málefnaleg rök og útskýra þau fyrir barninu á barnvænan hátt.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta** að tryggja að í skráningum vegna eftirlitsheimsóknna komi fram hvernig barni var gefinn kostur á að tjá sig og hvað kom fram í samtali við barnið.

Í nýju frumvarpi til laga um barnavernd²⁴ er kveðið skýrar á um samtöl við börn við eftirlitsheimsóknir og eftirfylgni þeirra en í núgildandi barnaverndarlögum.²⁵ Ef frumvarpið verður að lögum mun barnaverndarþjónustum vera gert að ræða við barnið einslega á hlutlausum stað. Jafnframt verður barnaverndarþjónustum gert að kanna aðstæður í nærumhverfi barnsins, t.d. með því að afla upplýsinga hjá skóla barnsins. Skipulagi heimsóknna skal þó alltaf vera þannig háttað að það verði eins lítið íþyngjandi gagnvart barni og mögulegt er. Þá mun barnaverndarþjónustum vera gert að grípa til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur eða vistun, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fóstri, á heimili eða í öðru vistunarúrræði er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

²³ David Archard & Matt Skivenes. (2009). Hearing the child. <https://doi.org/10.1111/j.1365-2206.2008.00606.x>

²⁴ Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en náði ekki framgöngu.

²⁵ Þingskjal 982. (2025-2026). Frumvarp til laga um barnavernd. <https://www.althingi.is/altext/pdf/157/s/0982.pdf>

Þá mun barnaverndarþjónusta alltaf eiga að upplýsa GEV ef hún grípur til fyrrgreindra ráðstafana.

Í kjölfar viðtala við ungmennin taldi GEV tilefni til að fylgja eftir frásögn eins þeirra af neikvæðri reynslu á fósturheimili. Ætlunin var að stofna til frumkvæðiseftirlits vegna fósturforeldranna en í ljós kom að aðilarnir voru ekki með fósturleyfi GEV og var því ekki lagagrundvöllur fyrir því að kanna skilyrði leyfis. Er þetta skýrt dæmi um mikilvægi þess að vistunaraðilar séu ávallt með viðeigandi leyfi, sbr. umfjöllun í kafla 3.1. Þess í stað var málinu fylgt eftir með því að kanna málavinnsluna hjá viðeigandi barnaverndarþjónustum og viðbrögð þeirra við upplýsingum um aðbúnað og líðan barna á heimilinu. Í þessu samhengi ítrekar GEV fyrri tilmæli sín um að barnaverndarþjónustur tryggi að börn séu ekki vistuð á þeirra vegum hjá aðilum sem hafa ekki tilskilið leyfi til þess frá GEV, sbr. 5. gr. laga um GEV, sbr. einnig 2. mgr. 67. gr. bvl.

4.5 Verklagsreglur um eftirlit með börnum í fóstri

Allir sem veita þjónustu sem lýtur eftirliti GEV skulu hafa virkt innra eftirlit með starfsemi sinni, sbr. 11. gr. laga um GEV. Á það meðal annars við um stjórnvöld sem veita þjónustu á grundvelli barnaverndarlaga. Í lögskýringargögnum kemur fram að innra eftirlit feli í sér sjálfstæða skyldu til innra skipulags sem hafi það markmið að starfsemi sé í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli, samninga og leiðbeiningar.²⁶ Þar segir einnig að innra eftirlit feli að lágmarki í sér að reglur sem starfsemi lúti séu kortlagðar, komið sé á verklagi til að tryggja að þjónusta sé veitt í samræmi við kröfur til þjónustunnar og að til staðar sé ferli til að tryggja eftirfylgni með þeim. Innra eftirlit felur jafnframt í sér að ábyrgð á verkefnum sé skilgreind, verklag, ferlar og framkvæmd séu skráð og að frávikum sé fylgt eftir og framkvæmd færð til betri vegar.

Í gagnabeiðni GEV til barnaverndarþjónusta var óskað eftir afriti af skriflegu verklagi um eftirlit með börnum í fóstri. Af 23 barnaverndarþjónustum skilaði ein þjónusta ítarlegum verklagsreglum um framkvæmd eftirlits með börnum í fóstri, þar sem meðal annars var fjallað um undirbúning og framkvæmd eftirlitsheimsóknna, skráningu og eftirfylgd, auk gátlista yfir atriði sem hafa skyldi til hliðsjónar við eftirlitsheimsóknir og samtöl við börn. Önnur þjónusta skilaði verklagi sem náði til málavinnslu barnaverndarmála almennt og fjallaði stuttlega um eftirlit með börnum í fóstri. Nokkrar barnaverndarþjónustur sendu skjal sem innihélt upptalningu á ákvæðum laga og reglugerða sem við eiga varðandi vinnslu barnaverndarmála og þ.á.m. eftirlit með börnum í fóstri. Að mati GEV jafngilda slík skjöl ekki skriflegu verklagi eða verklýsingu sem ætlað er að leiðbeina starfsfólki um

²⁶ Sjá athugasemdir við 11. gr. í greinargerð með frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. löggj.þ. 2020-2021, þskj. 442. Vefútgáfa <https://www.althingi.is/altext/151/s/0442.html> [sótt á vef 7. maí 2026].

framkvæmd eftirlits og stuðla að samræmdum og skipulögðum vinnubrögðum. Nokkrar barnaverndarþjónustur skiluðu ekki afriti af verklagi eða upplýstu um að slíkt skjal væri ekki til.

Í núverandi lagaumhverfi er ekki skýr skylda þess efnis að barnaverndarþjónustur skuli upplýsa GEV ef aðstæður á fósturheimili eru ekki taldar öruggar börnum. Mikilvægt er þó að tilkynna slíkt til GEV svo stofnunin geti sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart leyfishöfum en eitt af verkefnum stofnunarinnar er að hafa eftirlit með því að skilyrði rekstrarleyfa sé uppfyllt, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um GEV. Geta barnaverndarþjónustur komið slíkum upplýsingum á framfæri við GEV með ábendingum, sbr. 13. gr. laga um stofnunina. Í fyrrgreindu frumvarpi til laga um barnavernd, er kveðið skýrt á um upplýsingaskyldu barnaverndarþjónusta til GEV ef þjónusta grípur til ráðstafana vegna barns í fóstri ef í ljós kemur að meðferð barns í fóstri er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé sýnt að aðbúnaður og öryggi barns sé tryggt. Fagnar GEV framangreindri tillögu.

Þeim **tilmælum** er beint til **barnaverndarþjónusta sem ekki eru með verklagsreglur um eftirlit með börnum í fóstri** að útbúa slíkar verklagsreglur, til að stuðla að skipulögðum og samræmdum vinnubrögðum starfsfólks, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga um GEV. Mikilvægt er að í verklagsreglum sé kveðið á um að barni sé gefið tækifæri til að ræða einslega við starfsmann og að áhyggjum af barni á fósturheimili sé fylgt eftir.

Þá er þeim **tilmælum** beint til **barnaverndarþjónusta** að tryggja að verklagsreglur vegna eftirlits með börnum í fóstri feli í sér að tilkynna til GEV ef aðstæður á fósturheimili eru ekki taldar öruggar börnum svo GEV geti sinnt eftirlitsskyldu sinni með leyfishöfum, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um GEV.

